

Alþingi
Erindi nr. P 140/750
komudagur 9.12.2011

Reykjavík 9. desember 2011

Málefni: Umsögn Landspítala um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og lyfjalögum nr. 93/1994, með síðari breytingum, (greiðslupátttaka í lyfjakostnaði). 256. mál

Í Sjúkrahúsapóteki LSH er heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsinu og til göngudeildarsjúklinga. Einungis er heimilt að afgreiða lyfseðla frá læknum sjúkrahússins. Í apótekinu fer því fram afgreiðsla á mjög sérstökum lyfjum sem erfitt er að fá afgreidd í öðrum apótekum. Auk afgreiðslu á þessum sérstöku lyfjum (S-lyf) fer fram afgreiðsla á almennum lyfjum.

Stór hluti viðskiptavina sjúkrahúsapóteksins eru nú handhafar lyfjaskírteina. Með nýju greiðslupáttökukerfi leggst sá þáttur af sem gæti haft áhrif á fjárhag viðskiptavina til að byrja með eftir að frumvarpið verður að lögum þar sem sjúklingar þurfa að greiða mun hærrí fjárhæð í fyrstu en tíðkast hefur.

Viðskiptavinir sjúkrahúsapóteksins fá einnig töluvert afgreitt af svokölluðum S-lyfum en ekki er gert ráð fyrir að þau falli undir nýtt greiðslupáttökukerfi og mun því ekki breyta miklu fyrir viðskiptavinum Sjúkrahúsapóteksins. LSH yrði væntanlega að semja við greiðslumiðlunarfyrtæki og taka á sig kostnað ef viðskiptavinir óska eftir greiðsludreifingu, sem er ókostur fyrir LSH og kæmi sér mjög illa, ekki síst við núverandi aðstæður þar sem mjög hefur verið þrengt að rekstri spítalans.